



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJA TIL SVÍA

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, sendi í morgun samúðarkveðju til Karls XVI Svíakonungs fyrir hönd íslensku þjóðarinnar vegna hinna hörmulegu mannvíga sem framin voru í skóla í Örebro í gær.

Í kveðjunni biður forseti fyrir kveðju til þeirra sem eiga um sárt að binda, bæði aðstandenda hinna látnu og íbúa bæjarins, og kveðst vona að kærleikur, trú og félagsleg samstaða veiti fólki styrk í þessu mótlæti.

5. febrúar 2025

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249).